

Áform um vinnslu jarðefna af hafsbotni á landgrunni Noregs

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis óskaði eftir upplýsingum um norskt þingmál sem varðar jarðefnavinnslu á hafsbotni á landgrunni Noregs og aðdraganda þess.

ÞINGMÁL UM JARÐEFNAVINNSLU Á LANDGRUNNI NOREGS

Þingmálið sem fyrirspurnin snýr að er skýrsla (n. *Melding til Stortinget*)¹ frá olíu- og orkumálaráðuneyti Noregs (n. *Olje- og energidepartementet*) varðandi vinnslu jarðefna á hafsbotni á landgrunni Noregs. Skýrslan var samþykkt á fundi norsku ríkisstjórnarinnar 20. júní 2023. Olíu- og orkumálaráðherra Noregs, [Terje Aasland](#), úr Verkamannaflokknum, lagði skýrsluna fyrir þingið. Í henni er mörkuð stefna um að heimila leit að jarðefnum á hafsbotni á tilteknu hafsvæði á landgrunni Noregs með nýtingu í atvinnuskyni að markmiði. Þessi skýrsla markar þáttaskil í atburðarás sem hófst árið 2017, þegar þáverandi stjórnvöld settu nýtingu jarðefna á hafsbotni á dagská.

Á hverju þingi eru að jafnaði lagðar fram allmargar slíkar skýrslur ráðherra. Þeim er einkum ætlað að verða grundvöllur umræðna í þinginu og upplýsa um stefnu og áform stjórnvalda en mjög oft byggist frumvarp, sem síðar kemur fram, um efni sem skýrslan fjallar um á henni og því sem fram kom í umræðum um skýrsluna.² Í þessu tilfelli snýst málið um leyfisveitingar vegna leitar að jarðefnum á hafsbotni með nýtingu að markmiði. Það gerist gjarnan við þinglega meðferð skýrslna af þessu tagi að fram koma tillögur frá þingmönnum þar sem beðið er um nánari skýringar á einstökum atriðum eða mat á áhrifum einhvers sem lagt er til í skýrslunni. Sumar þessara tillagna hljóta samþykki þingsins og eru afgreiddar sem ályktun (n. *vedtak*).

Jarðefnavinnsluskýrslan er nú til umfjöllunar í orku- og umhverfisnefnd (n. *energi- og miljøkomite*) Stórþingsins. Gestakomum til þingnefndar er lokið en unnt er að senda inn umsagnir (n. *innstilling*) til 19. desember á þessu ári. Samkvæmt því sem fram kemur á vefsvæði Stórþingsins er ætlunin að skýrslan verði þar til lokaumfjöllunar 4. apríl 2024. Mun þá koma fram hvaða hug þingmenn bera til efnis skýrslunnar og hvort þingið ályktar um hana í heild eða einhverja þætti hennar. Verði hún samþykkt geta norsk stjórnvöld veitt heimild til leitar og síðar vinnslu á jarðefnum af hafsbotni á landgrunni Noregs.

TILLÖGUR NORSKRA STJÓRNVALDA

Tillögur norskra stjórnvalda eru samandregnar á bls. 8–9 í *Meld. St. 25 (2022–2023)* og fara þær hér á eftir í íslenskri þýðingu.

Ríkisstjórnin hyggst:

- heimila vinnslu jarðefna á hafsbotni á því svæði á landgrunni Noregs sem hefur verið kynnt opinberlega í því samhengi, utan eins svæðis á syðri enda þess
- koma á og viðhalda skýrum og gegnsæum skilmálum um umgjörð jarðefnavinnslu á hafsbotni
- hafa sjálfbærni, varúðarreglu (n. *føre-var-prinsippet*) og vistfræðilega nálgun að leiðarljósi
- tryggja að umhverfissjónarmið verði höfð í fyrirrúmi á öllum sviðum jarðefnavinnslunnar. Nýtingarleyfi verða því aðeins veitt að áætlanir leyfishafa beri það með sér að hin áformada vinnsla fari fram á forsendum sjálfbærni og varúðar og að ekki verði gengið á hlut annarrar starfsemi sem kann að eiga sér stað á sama hafsvæði
- ekki leyfa vinnslu þar sem eru virkar jarðhitastrýtur neðansjávar en stuðla að verndun slíkra náttúrufyrirbæra þannig að þau skaðist ekki af nærliggjandi starfsemi. Nýtingaráætlanir verða

¹ *Meld. St. 25 (2022–2023). Melding til Stortinget. Mineralverksemd på norsk kontinentalsokkel – opning av areal og strategi for forvaltning av ressursane.*

² *Om regjeringens publikasjoner.*

Því aðeins samþykktar að fyrir liggja að ekki fylgi vinnslunni umtalsverð neikvæð áhrif fyrir lífríki hinna virku jarðhitastrýta

- innleiða þá umgjörð sem kann að verða sett um jarðefnavinnslu á hafsbotni í stjórnunaráætlun viðkomandi hafsvæðis
- þróa norskt regluverk með það að markmiði að jarðefnavinnsla á hafsbotni, samkvæmt lögum um jarðefnavinnslu á hafsbotni, fari ávallt fram í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar norska ríkisins, þar á meðal eru Hafréttarsamningur Sameinuðu þjóðanna og Samningur Sameinuðu þjóðanna um líffræðilega fjölbreytni
- stuðla að því að Noregur verði leiðandi á heimsvísu varðandi stjórnun auðlinda á hafsbotni á grundvelli þekkingar og með heildarhyggju og sjálfbærni að markmiði
- haga leyfisveitingum þannig að atvinnufyrirtæki eigi þess kost að byggja upp starfsemi sína til langs tíma
- stuðla að því að samkeppnisumhverfi verði með þeim hætti að samkeppnisfærir norskir aðilar eigi þess kost að taka þátt í útboðum á verkefnum við leit að jarðefnum á landgrunni Noregs og í vinnslu þeirra og nýtingu
- stuðla að góðri sambúð jarðefnavinnslu á hafsbotni við atvinnuvegi sem nýta auðlindir hafsins nú og í framtíðinni
- stuðla að því að úthlutun leyfa leiði til þess að rannsóknir á svæðum sem opnuð verða skili sívaxandi þekkingu á þeim
- hefja útboð og veitingu leyfa samkvæmt lögum um jarðefnavinnslu á hafsbotni og búa svo um hnúta að leyfin leiði til starfsemi sem skilar aukinni þekkingu á jarðefnavinnslu á hafsbotni
- tryggja að tillit verði tekið til öryggishagsmuna Noregs við úthlutun leyfa samkvæmt lögum um jarðefnavinnslu á hafsbotni
- halda áfram að kortleggja jarðefni á hafsbotni á norska landgrunninu og stuðla að frekari rannsóknum á náttúrufari og umhverfi með það að markmiði að skapa þekkingargrunn fyrir atvinnustarfsemi og hið opinbera
- nota Mareano-áætlunina³ til að afla upplýsinga um umhverfisþætti á svæðum þar sem vinnsla jarðefna á hafsbotni kemur til greina
- tryggja að gögn sem máli skipta og leyfishafar afla, þar á meðal um umhverfisþætti, verði aðgengileg stjórnvöldum og þar á meðal Mareano-áætluninni
- fela hafrannsóknarstofnun Noregs (n. *Havforsningsinstituttet*) að afla aukinnar þekkingar á svæðis- og staðbundnum hafstraumum á djúpsvæðum í Noregshafi og Grænlandshafi
- koma því til leiðar að þegar aflað er upplýsinga um nýtingarmöguleika jarðefna á hafsbotni á vegum olíumálastofnunarinnar (n. *Oljedirektoratet*) og við skipulagningu rannsóknarleiðangra verði að jafnaði einnig safnað umhverfisupplýsingum í samráði við fagaðila, svo sem Björgvinjarháskóla
- fela Rannsóknarráði Noregs (n. *Norges forskningsråd*) að móta markvissa heildarstefnu um rannsóknir og nýsköpun til að efla þekkingu á umhverfi og auðlindum hafdjúpanna og forsendum fyrir jarðefnavinnslu á hafsbotni í slíku umhverfi, þar á meðal varðandi sjálfbærar tæknilausnir
- koma á fót samskiptavettvangi atvinnuvega, rannsóknaraðila og stjórnvalda þar sem unnt er að ráðslaga um það hvernig hentast sé að haga rannsóknum

ÁÐDRAGANDI MÁLSINS

Árið 2017 lagði þáverandi ríkisstjórn Noregs fram nýja stefnuskrá varðandi nýtingu auðlinda hafsins og hafsbotnsins (n. *Ny vekst, stolt historie*) sem gerð hafði verið á vegum atvinnu- og sjávarútvegsráðuneytisins (n. *Nærings- og fiskeridepartementet*) og olíu- og orkumálaráðuneytisins (n. *Olje- og energidepartementet*). Í stefnuskránni er lögð áhersla á þýðingu nýrrar tækni og nýsköpunar í þeim atvinnuvegum sem nýta hafið og hafsbotninn og gefin fyrirheit um að stjórnvöld muni stuðla að jákvæðri þróun á þessu sviði með löggjafarstarfi og fjárveitingum til rannsókna og nýsköpunar.

³ *Mareano-áætlunin* hófst árið 2005 og felst í þverfaglegu samstarfi ýmissa aðila í Noregi sem í stuttu máli snýst um upplýsingaöflun sem miðar að gerð nákvæmra korta af hafsbotninum á norsku hafsvæði.

Meðal þess sem fjallað er um í stefnuskránni *Ny vekst, stolt historie* er vinnsla jarðefna á hafsbotni. Vitnað er til rannsókna sem gerðar höfðu verið á landgrunni Noregs og þykja benda til þess að þar muni að finna umtalsvert magn eftirsóttra en torfenginna jarðefna, m.a. í námunda við jarðhitauppstreymi á Mið-Atlantshafshryggnum milli Jan Mayen og Svalbarða. Í stefnuskránni segir að ætla megi að vinnsla slíkra jarðefna geti orðið uppspretta mikillar verðmætasköpunar í framtíðinni en til þess að svo geti orðið þurfi verulega tækniþróun og mat á umhverfisþáttum. Norsk stjórnvöld gáfu fyrirheit um það í stefnuskránni frá 2017 að ný löggjöf yrði sett um vinnslu jarðefna á hafsbotni og rannsóknir á jarðfræði hafsbotnsins á landgrunni Noregs auknar til muna, þar á meðal með því að efla [Mareano-áætlunina](#) um haffræðirannsóknir og kortlagningu hafsbotnsins.⁴

Olíu- og orkumálaráðuneytið tók við stjórnsýslu varðandi rannsóknir og vinnslu á jarðefnum á hafsbotni 1. apríl 2017. Þessi málaflokkur hafði fram að því verið á verkswiði Atvinnu- og sjávarútvegsráðuneytisins⁵ og er breytingin til marks um þá áherslubreytingu sem orðið hefur hjá norskum stjórnvöldum varðandi þennan málaflokk á síðustu árum.

Árið 2018 lagði þáverandi olíu- og orkumálaráðherra Noregs fram frumvarp til laga um jarðefnavinnslu á landgrunni Noregs (n. [Prop. 106 L \(2017–2018\). Proposisjon til Stortinget \(forslag til lovvedtak\). Lov om mineralvirksomhet på kontinentalsokkelen \(havbunnsmineralloven\)](#)).

Jafnan fylgja frumvörpum norskra stjórnvalda ítarlegar greinargerðir og svo var einnig um jarðefnavinnslufrumvarpið. Greinargerð með því skiptist í 10 kafla. Heiti þeirra gefa nokkra hugmynd um það efni sem fjallað er um og fara þau hér á eftir:

- | | |
|-----------------------------------------------------------------|-----------------------------------------------------------------------------------------------|
| 1. Meginefni frumvarpsins | 1. <i>Proposisjonens hovedinnhold</i> |
| 2. Baksvið frumvarpsins | 2. <i>Bakgrunnen for lovforslaget</i> |
| 3. Gildandi réttur og þörfin fyrir nýtt regluverk og gildissvið | 3. <i>Gjeldende rett, behovet for nytt regelverk og avgrensinger</i> |
| 4. Þjóðréttarleg staða | 4. <i>Forholdet til folkeretten</i> |
| 5. Erlend löggjöf | 5. <i>Utenlandsk rett</i> |
| 6. Umsagnarferlið | 6. <i>Høringen</i> |
| 7. Nánar um lagafrumvarpið | 7. <i>Nærmere om lovforslaget</i> |
| 8. Áhrif á efnahag og stjórnun | 8. <i>Økonomiske og administrative konsekvenser</i> |
| 9. Athugasemdir um einstakar greinar | 9. <i>Merknader til de enkelte bestemmelsene</i> |
| 10. Frumvarp til laga um jarðefnavinnslu á landgrunninu | 10. <i>Forslag til lov om mineralvirksomhet på kontinentalsokkelen (havbunnsmineralloven)</i> |

Í því skyni að upplýsa um meginefni frumvarps til laga um jarðefnavinnslu á landgrunni Noregs fer fyrsti kafli þess – ágrípið – á íslensku.

Olíu- og orkumálaráðuneytið leggur fram eftirfarandi frumvarp um ný lög um jarðefnavinnslu á landgrunninu (hafsbotnsjarðefnalög).

Um leit að jarðefnum á hafsbotni og nýtingu þeirra fer nú samkvæmt lögum nr. 12 frá 21. júní 1961, um vísindarannsóknir og leit að öðrum jarðefnum en jarðolíu (landgrunnslögin). Fram til þessa hefur jarðefnavinnsla á landgrunni Noregs og í landhelgi verið í smáum stíl. Að frátöldum vísindarannsóknum hefur starfsemi sem beinist að jarðefnum einungis falist í malar-, sand- og leirnámi í litlu magni á grunnsevi. Landgrunnslögin gagnast ekki lengur sem til að tryggja samfélagslega hagsmuni vegna jarðefnavinnslu á hafsbotni sem hefur aukist og breyst verulega.

Lagafrumvarpið er samið innan ramma nútíma hafréttar og þar er byggt á reynslu sem hefur fengist af norskri starfsemi á landgrunninu. Lögunum er ætlað að greiða fyrir leit að jarðefnum og vinnslu þeirra á landgrunni Noregs í samræmi við samfélagsleg markmið þannig að tekið verði tillit til verðmætasköpunar við slíka starfsemi, umhverfismála, og hagsmuna annarra starfsgreina. Kveðið er á um eignarrétt ríkisins á jarðefnum á landgrunninu og einkarétt ríkisins til að fara með stjórn þeirra. Gert er ráð fyrir því að áður en heimild til

⁴ *Ny vekst, stolt historie*, bls. 22, 26, 29, 31, 57, 79.

⁵ *OED får ansvaret for mineralforekomstar på sokkelen*.

starfsemi tengd jarðefnum á hafsbotni verði veitt fari fram á vegum stjórnvalda opunarferli með tilheyrandi greiningu á afleiðingum á sama hátt og gert er þegar um jarðolíuvinnslu er að ræða. Lagt er til að í einstökum tilvikum verði unnt að veita leyfi utan svæðis sem hefur verið opnað.

Hvað ákvæði um leyfisveitingar varðar þá er í frumvarpinu gert ráð fyrir sömu meginreglum og eru í lögum um jarðolíuvinnslu, þ.e. að ekki verði veitt einkaleyfi til rannsókna eða nýtingar með tilheyrandi skyldu til að rannsaka eða nýta.

Lagt er til að rannsóknaleyfi geti gilt allt að fimm árum og að rannsóknaleyfishafar sitji ekki fyrir þegar kemur að veitingu nýtingarleyfis. Réttthafi rannsóknarleyfis hefur þó um tiltekinn tíma forgang að þeim gögnum sem hann kann að afla og getur þar af leiðandi selt þau eða nýtt sér þau í samkeppninni um að fá nýtingarleyfi. Réttthafa ber að tilkynna stjórnvöldum um gögn, sýni o.þ.h. og ákveða stjórnvöld hversu lengi slík gögn skuli vera lokað.

Lagt er til að það verði meginregla að opinbert útboð fari fram áður en nýtingarleyfi er veitt. Nýtingarleyfi skal veitt á grundvelli hlutlægra skilyrða og viðmiðana og með tilliti til þeirra jarðefna sem um er að ræða. Lagt er til að unnt verði að veita nýtingarleyfi í allt að 10 ár með möguleika á framlengingu. Nýtingarleyfið veitir einkarétt á námavinnslu á því svæði sem það nær til. Ef skilyrði um nýtingu hafa verið uppfyllt og vinnsluáætlun liggur fyrir geta réttthafar krafist þess að nýtingarleyfið verði framlengt í allt að 20 ár. Unnt er að framlengja nýtingarleyfið enn frekar ef sótt er um það. Réttthafi er eigandi þeirra jarðefna sem vinnslan skilar. Í því skyni að stuðla að uppbyggingu á því svæði sem leyfið nær til eru í frumvarpinu ákvæði um að skila þurfi hluta svæðis sem nýtingarleyfi hefur verið veitt fyrir. Enn fremur eru í frumvarpinu ákvæði um heimild til að leggja á flatargjald til að hvetja réttthafa til að skila svæðum þar sem ekki fer fram vinnsla og um að flatargjaldið verði meðal þeirra gjalda sem Stórþingið tekur ákvörðun um árlega.

Ákveði réttthafi að hefja jarðefnavinnslu skal gerð áætlun um það sem stjórnvöld staðfesta. Í áætluninni skal vera lýsing á vinnslunni og greining á afleiðingum hennar. Einnig er lagt til að sérstakt leyfi þurfi vegna búnaðar og reksturs þar sem slíkt leyfi leiðir ekki af samþykktri vinnsluáætlun.

Samkvæmt frumvarpinu þarf að afla samþykkis stjórnvalda fyrir framsali leyfa eða hagsmuna sem leiðir til ákvörðunarvalds yfir réttthafa.

Í lagafrumvarpinu eru ákvæði um niðurlagningu starfsemi, öryggiskröfur, skráningu og veðsetningu og hugsanlegar skaðabætur til norskra fiskimanna. Þessi ákvæði samræmast að verulegu leyti samsvarandi ákvæðum í lögum um jarðolíuvinnslu.

Lögð eru til ákvæði um skeljasand, sand og mól á grunnsævi sem samræmast núverandi skipulagi um að stjórnsýsla er þetta varðar fari fram hjá fylkjunum.

Fyrsta umræða um frumvarp til laga um jarðefnavinnslu á landgrunni Noregs í Stórþinginu fór fram 12. febrúar 2019 og þann 22. mars það ár varð frumvarpið að lögum með gildistöku 1. júlí 2019⁶ sbr. *Lov om mineralvirksomhet på kontinentalsokkelen (havbunnsmineralloven), nr. 7/2019*.


Samkvæmt gr. 2-1 í lögum um jarðefnavinnslu á hafsbotni skal gera grein fyrir ætluðum afleiðingum leitar og vinnslu á því svæði þar sem til greina kemur að hefja slíka starfsemi áður en svæðið er opnað. Í 3. mgr. 2. gr. segir að setja skuli tillögu að opnun og greiningu á ætluðum afleiðingum í umsagnarferli og skal gefinn a.m.k. þriggja mánaða frestur til að bregðast við henni. Norsk stjórnvöld sendu áform sín um opnun svæða til leitar að jarðefnum á hafsbotni og vinnslu þeirra í umsagnarferli 27. október 2022 og var frestur til viðbragða gefinn til 21. janúar 2023.⁷ Í skýrslunni sem stjórnvöld sendu til umsagnar er margvíslegur fróðleikur um hin verðmætu og eftirsóttu efni sem vitad er um eða talið er að séu á hafsbotni á landgrunni Noregs.⁸

⁶ Yfirlit um gang málsins í Stórþinginu, ræður og gögn er það varða er á [vefsvæði þingsins](#).

⁷ Yfirlit um umsagnarferlið er á [vefsvæði norska stjórnarráðsins](#) og eru þar einnig umsagnir sem bárust.

⁸ *Høringsdokument. Konsekvensutredning - undersøkelse og utvinning av havbunnsmineraler på norsk kontinentalsokkel.*

Langstærstur hluti þess svæðis sem norsk stjórnvöld hafa afmarkað sem hugsanlegt leitar- og vinnslusvæði vegna jarðefnavinnslu er á Íshafshluta Mið-Atlantshafshryggjarins, á landgrunni Jan Mayen og Svalbarða. Syðsti hluti þess teygir sig þó suður undir efnahagslögsögu Íslands og að svonefndu Drekasvæði sem afmarkað er með rauðu á meðfylgjandi afstöðumynd. Svæðið minnkaði nokkuð til suðurs og austurs eftir umsagnarferlið sökum þess að fjölmargir aðilar urðu til að benda á þá miklu óvissu sem fylgdi vinnslu jarðefna á miklu hafdýpi í námunda við mikilvæg fiskimið.



SVALBARÐASAMNINGURINN

Það skapar sérstaka stöðu í þessu máli öllu að um það bil þriðjungur þess svæðis sem norsk stjórnvöld áforma að heimila á jarðefnaleit og nýtingu jarðefna er á landgrunni eyjaklasans Svalbarða.

Í gildi er alþjóðasamningur um Svalbarða – [Svalbarðasamningurinn](#) – sem gerður var í febrúar árið 1920 og gekk í gildi í ágúst 1925. Áður en Svalbarðasamningurinn kom til var Svalbarði einskis manns land (*terra nullius*) en eftir að hann gekk í gildi hefur Noregur haft þar fullveldisrétt sem þýðir m.a. að ekkert annað ríki getur sett lög eða reglur sem hafa gildi á Svalbarða. Nú hafa 44 ríki fullgilt Svalbarðasamninginn, þar á meðal Ísland árið 1994.

Svalbarðasamningurinn veitir Noregi fullveldisrétt á Svalbarða, en setur framkvæmd hans skordur, þar sem í honum eru ákvæði um að ríkisborgarar og lögaðilar aðildarríkja sammingsins skuli njóta jafnræðis með tilliti til nýtingar tiltekinna náttúruauðlinda á Svalbarða og einnig skattlagningar og 9 gr. sammingsins hindrar norska ríkið í að setja þar á stofn flotastöð eða heimila öðru ríki að gera það.

Norska ríkið kom á 200 sjómílna fiskverndarsvæði (n. *fiskevernzone*) við Svalbarða með reglugerð árið 1977⁹ og á hún sér stöð í lögum um efnahagslögsögu Noregs en ekki Svalbarðasamningnum. Þessi ráðstöfun leiddi til þess að ákvæði Svalbarðasammingsins um jafnræði með tilliti til auðlindanýtingar eiga ekki við að mati Norðmanna, en það sjónarmið hefur mætt andstöðu úr ýmsum áttum.

Fallist Stórþingið á áform um að opna fyrir leit að jarðefnum á landgrunni Noregs og leyfi í framhaldinu vinnslu þeirra, eins og allar líkur eru á, hefst nýr kafli í nýtingu náttúruauðlinda á norðurslóðum. Svalbarðasamningurinn komst á áður en Hafréttarsamningur Sameinuðu þjóðanna varð til og viðtekið var að strandríki ættu ein rétt til nýtingar á landgrunni því sem liggur undan ströndum ríkisins. Því getur það verið álitamál hvort samningurinn eigi við um landgrunn Svalbarða og um gildissvið hans gagnvart Hafréttarsamningnum.

Á Svalbarðasamningurinn aðeins við innan 12 sjómílna landhelgi?

Í stuttu máli og með nokkurri einföldun á málavöxtum er afstaða norskra stjórnvalda sú að Svalbarðasamningurinn eigi einungis við innan landhelgi Noregs á Svalbarða (n. *territorialbeltet*) og að sjálfsgöðu einni á þurrlendi í eyjaklasanum. Landhelgi Noregs, einnig á Svalbarða, er nú 12 sjómíli frá grunnlínupunktum og hefur verið svo frá árinu 2004. Af þessum sökum sé Noregi einungis skylt að hlíta ákvæðum Svalbarðasammingsins innan 12 sjómílna landhelgislínunnar.

Þá líta norsk stjórnvöld svo á að hin alþjóðlega viðurkenning á fullveldisrétti Noregs á Svalbarða, sem ýmist hefur verið fengin með aðild að Svalbarðasamningnum eða með þegjandi samþykki, feli í sér að einungis norska ríkinu sé heimilt að setja lög og mæla fyrir um stjórnvaldsákvarðanir sem varða landgrunn Svalbarða. Þessi afstaða kemur m.a. skýrt fram í

⁹ Forskrift om fiskevernzone ved Svalbard, nr. 6/1977.

grein á vefsvæði norska utanríkisráðuneytisins þar sem spurningunni um það hvort landgrunn Svalbarða tilheyrir Noregi er svarað svo í íslenskri þýðingu:

Því er ekki andmælt að Svalbarði sé hluti norska konungsríkisins. Allt landgrunn sem tengist norsku yfirráðasvæði er norskt og í norskrri lögsögu. Landgrunnið umhverfis Svalbarða er því hluti af landgrunni Noregs.¹⁰

Fiskverndarsvæðinu við Svalbarða var komið á samkvæmt þeirri túlkun Norðmanna að landgrunn Svalbarða tilheyrir Noregi og það er þessi skilningur á Svalbarðasamningnum og Hafréttarsamningnum sem býr að baki þegar ákvarðanir voru teknar um að afmarka svæði á landgrunni Noregs vegna leitar að jarðefnum á hafsbotni og mögulegrar nýtingar þeirra.

Sum aðildarríki Svalbarðasamningsins hafa lýst sig andvíg ofangreindri túlkun Noregs og á það einnig við þegar kemur að áformum um jarðefnavinnslu á hafsbotni þar nyrðra. Þar á meðal eru Rússland, Stóra-Bretland, Spánn og Ísland. Hefur af Íslands hálfu verið komið á framfæri athugasemdum við norsk stjórnvöld í bréfi utanríkisráðuneytis Íslands til utanríkisráðuneytis Noregs frá 26. janúar 2023 sem fylgir þessari samantekt.

Áform Norðmanna um að hefja leit að jarðefnum á hafsbotni í Íshafinu með nýtingu að markmiði hafa vakið viðbrögð víða. Gerð er grein fyrir sumum þeirra í ritgerð I. S. Hvinden: *Mineralvirksomhet på norsk sokkel* sem birtist fyrr á þessu ári og er ágætt yfirlit um málið og stöðu þess.

HEIMILDIR OG ÍTAREFNI

COMMUNICATION FROM THE COMMISSION TO THE EUROPEAN PARLIAMENT, THE COUNCIL, THE EUROPEAN ECONOMIC AND SOCIAL COMMITTEE AND THE COMMITTEE OF THE REGIONS Critical Raw Materials Resilience: Charting a Path towards greater Security and Sustainability. Brussels, 3.9.2020.

European Critical Raw Materials Act.

Folkerettslige spørsmål i tilknytning til Svalbard.

Forskrift om fiskvernsonen ved Svalbard, nr. 6/1977.

Hvinden, Ida Soltvedt: *Mineralvirksomhet på norsk sokkel. Mulige konsekvenser i lys av Svalbardtraktaten og norsk forvaltning av havområdene rundt Svalbard.* FINI report 3/2023. Fridtjof Nansen Institute, April 2023.

Høringsdokument. Konsekvensutredning – undersøkelse og utvinning av havbunnsmineraler på norsk kontinentalsokkel. Olje- og energidepartementet, 27. október 2022.

Lov om mineralvirksomhet på kontinentalsokkelen (havbunnsmineralloven), nr. 7/2019.

Meld. St. 25 (2022–2023). Melding til Stortinget. Mineralverksemd på norsk kontinentalsokkel – opning av areal og strategi for forvaltning av ressursane. Det kongelige Olje- og energidepartementet. Oslo 2023.

Meld.St.32 (2015–2016). Melding til Stortinget. Svalbard.


Ny vekst, stolt historie. Regjeringens havstrategi. Nærings- og fiskeridepartementet. Olje- og energidepartementet. Oslo 2017.

Prop. 106 L (2017–2018) Proposisjon til Stortinget (forslag til lovvedtak). Lov om mineralvirksomhet på kontinentalsokkelen (havbunnsmineralloven).

Ressursrapport 2022. Oljedirektoratet 2023.

Traktat mellem Norge, Amerikas Forente Stater, Danmark, Frankrike, Italia, Japan, Nederlandene, Storbritannia og Irland og de britiske oversjøiske besiddelser og Sverige angående Spitsbergen [Svalbardtraktaten].

¹⁰ *Folkerettslige spørsmål i tilknytning til Svalbard.*



Kort *Oljedirektoratet* yfir jarðefni sem vitað er um á landgrunni Noregs og Svalbarða. Svæðið sem er fjólublátt að lit „Opningsområde“ er það sem nú er miðað við að liggi undir þegar ákvarðanir verða teknar um frekari leit að jarðefnum á hafsbotni og vinnslu þeirra og nýtingu. Svæðið er nokkru minna en það sem lagt var upp með í upphafi en þá náði það lengra til suðausturs – nær Noregsströnd – en það gerir nú.



MINISTRY FOR
FOREIGN AFFAIRS

Rauðarárstigur 25, 105 Reykjavík, Iceland
Tel: 354-545 9900, fax: 354-562 2373
mfa@mfa.is, www.mfa.is

Ref.: UTN20100105/08.D.419; 15.L.415; 47.F.002

The Ministry for Foreign Affairs of Iceland presents its compliments to the Royal Norwegian Ministry of Foreign Affairs and has the honour to refer to the letter of the Royal Norwegian Ministry of Petroleum and Energy of 11 November 2022, regarding the opening process and impact assessment for mineral activities on the Norwegian Continental Shelf.

The Ministry has the honour in this regard to reiterate its longstanding view that the sole basis for any sovereign rights of Norway in maritime areas generated by Svalbard, including an exclusive economic zone and the continental shelf, is the Svalbard Treaty of 1920.

The 1920 Treaty subjects Norway's sovereign rights over Svalbard to important limitations provided for in the Treaty, including the principle of equality, contained in Articles 2 and 3 of the Treaty. These limitations apply equally on Svalbard, within the territorial sea, within an exclusive economic zone and on the continental shelf.

The rights of Norway in the maritime areas and the continental shelf around Svalbard can not be greater than the rights of Norway on Svalbard from which the first mentioned rights are derived. In this regard Iceland would like to reiterate that it does not recognize the legal basis for the so-called "Fisheries Protection Zone" around Svalbard.

As far as the continental shelf around Svalbard is concerned, in the view of Iceland it appertains to Svalbard and not to the mainland of Norway as maintained by the Norwegian authorities. The exploitation of all resources of the continental shelf around Svalbard, including any mineral resources, is subject to the provisions of the Svalbard Treaty, including the principle of equality.

As regards areas which genuinely lie on the continental shelf of Jan Mayen and the mainland of Norway, Iceland has no comments on the reports provided, but trusts that any future exploitation activity, to be conducted adjacent to the continental shelf of Iceland, will be in full conformity with the Agreement between Iceland and Norway concerning transboundary hydrocarbon deposits of 3 November 2008 and the Agreement between the Government of Iceland and the Government of Norway, concerning the delimitation of the continental shelf beyond 200 nautical miles in the area between the Faroe Islands, Iceland, Mainland Norway

and Jan Mayen of 30 October 2019, as well as other relevant provisions of international law.

The Ministry for Foreign Affairs avails itself of this opportunity to renew to the Royal Norwegian Ministry of Foreign Affairs the assurances of its highest consideration.

Ministry for Foreign Affairs
Reykjavík, 26 January 2023

